

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánud. 16-21 fimmtud. 16-21 og laugard. 10-16

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

3.árg. 8.tbl. september 2023



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Þá eru sumarfríin að mestu að baki, skólarnir komnir af stað og lífið fer aftur í sinn vanagang eftir mikla veðurbliðu síðustu vikur og mánuði.

Líklega er mest spennandi tími ársins framundan hjá mörgum þar sem réttir fara fram 8. og 9. september.

Það hefur verið töluverð umfjöllun um Fjallaböðin í fréttum síðustu vikur. Einnig hefur mikið verið rætt almennt um uppbyggingu ferðapjónustu á hálendinu á neikvæðum nótum, að það sé verið að búa til einhverja lúxus vöru sem er bara fyrir einhverja örfáa ríka ferðamenn. Í því samhengi hefur verið talað um sveitarfélögin sem hafi skipulagsvaldið á svæðinu séu veikburða og látist stjórna af stórfyrirtækjum sem vilji byggja upp. Þessi mynd sem er teiknuð upp er svo fjarri sannleikanum. Á hálendinu í dag eru gistirými í fjallaskálum fyrir u.þ.b. 5.000 manns, svo það að byggð verði upp einhverjir tugir eða hundruð hótélherbergi með hærra þjónustustigi kollvarpar ekki ferðapjónustu á hálendi Íslands. Að sama skapi vil ég rifja upp aðdragandan að uppbyggingu Fjallabaðanna, en hana má rekja til ársins 2014 þegar sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfesti rammaskipulag fyrir Þjórsárdalinn með áherslu á að byggja upp ferðapjónustu á svæðinu.

Árið 2017 auglýsti sveitarfélagið eftir aðilum sem hefðu áhuga á að koma að slíkri uppbyggingu og voru Rauðukambar eini aðilinn sem sótti um. Það var svo í lok árs 2019 að samkomulag var gert um lóðaleigu fyrir Reykholt í Þjórsárdal. Sá

Pistill frá sveitarstjóra



lóðaleigusamningur skilar sveitarfélaginu hærri lóðaleigu heldur en allir aðrir lóðaleigusamningar í sveitarfélaginu til samans.

Það var svo að frumkvæði sveitarfélagsins sem Þjórsárdalurinn var gerður að Þjóðlendu árið 2020. Einnig var það sveitarfélagið, Forsætisráðuneytið, Umhverfisstofnun og Skógræktin sem auglýstu eftir aðila sem hefði áhuga á að byggja upp gestastofu fyrir Þjórsárdalinn sem leiddi til þess að Rauðukambar samþykktu að taka að sér þá uppbyggingu og flytja fyrirhugaða móttöku Fjallabaðanna frá gervigígasvæðinu innan Þjóðlendunnar inni gestastofuna sem er áætluð fyrir utan Þjóðlenduna. Það er því sveitarfélagið sem hefur átt frumkvæðið og samstarfið við Rauðukamba um metnaðarfulla uppbyggingu hefur gengið vel. Sveitarfélagið stefnir á að gera rekstrarsamning við Umhverfisstofnun um rekstur Þjórsárdalsins, svo það verður ávallt á forræði sveitarfélagsins og heimamanna að passa upp á innviði í Þjórsárdal.

Ávinningur okkar samfélags verður mikill af þessari uppbyggingu. Fjöldi beinna

starfa verður á annað hundrað. Íbúum mun fjölga verulega sem gerir okkur kleift að styrkja innviði í samræmi við fjölgun íbúa. Megnið af fjölguninni mun eiga sér stað í Árnesi og þar mun byggjast upp spennandi byggðakjarni sem vonandi skapar forsendur fyrir aukinni þjónustu við alla íbúa. Auknar tekjur sveitarfélagsins af starfssemi Fjallabaðanna í gegnum lögbundna tekjustofna fasteignaskatta og útsvars þegar öll starfssemin verður komin í fullan rekstur mun líklega verða meiri en þrjúhundruð milljónir á ári, svo sannarlega mun geta okkar til að standa undir þjónustu við íbúana aukast verulega. Við munum fá fleiri börn í skólana okkar og þannig leysast ýmsar áskoranir sem fylgja fámenninu og litlum samfélögum. Það eru ekki fyrirtæki sem bíða í röðum eftir því að fá að byggja upp sambærilega starfssemi og Fjallaböðin verða. Ég myndi telja að fjölmörg sveitarfélög líta til okkar öfundaraugum af jafn metnaðarfullu verkefni sem mun verða að raunveruleika í okkar sveit.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt samkomulag við Landnýtingu ehf um

uppbygginu á mikilli grænmetisframleiðslu í Árnesi. Verkefnið kom fyrst inn á borð sveitarstjórnar í apríl síðastliðnum og fékk góðar undirtektir frá sveitarstjórn. Mikill undirbúningur hefur átt sér stað hjá Landnýtingu síðan. Samkomulagið sem undirritað verður á næstu dögum miðast að því að innan 12 mánaða verði undirritaður skuldbindandi samningur um alla þætti verkefnisins og komandi uppbyggingu. Fyrsti áfangi verkefnisins mun þýða fyrsta stórnotanda raforku við framleiðslu á grænmeti á Íslandi og nota rúmlega 10 MW af rafmagni. Verði verkefnið fullbyggð verður orkuþörfin um 33MW sem er þá í kringum 35% af allri orkuframleiðslu Hvammsvirkjunar. Slík uppbygging yrði söguleg þar sem loksins væri verið að nota orkuna þar sem hún verður til. Það verður spennandi að kynna þetta verkefni nánar á næstu mánuðum.

Það eru því spennandi tímar framundan og áhugaverð verkefni sem bíða okkar.

Fleira er það ekki að sinni,

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

Úrval af hunda- og kattafóðri








LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi

☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum

☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is

✉ landstolpi@landstolpi.is



Óska eftir ódýrum eða gefins gamaldags skjalaskáp.

Skápurinn má vera mest 140 cm á hæð og skipulagsmöppur þurfa að fylgja.

Guðrún Brynja s. 690-1796



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson



ÚTIREYSTI

4.-29.september 2023

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga

kl 6:30-7:15

Þol og styrktaræfingar sem henta öllum konum og körlum. Staðsetning á planinu fyrir neðan Skeiðalaug. Mætum klædd eftir veðri. Aðgangur að búningsklefa með sturtu eftir æfingu innifalið.

Skráning sendist á:
umfskeid@gmail.com

Þjálfari: **Viktoría Rós**

Verð: **14.900 kr**



Skeiðalaug

Stefnum á að opna aftur fimmtudaginn 14. september kl 16:00 – 21:00

Framkvæmdir standa enn yfir í Skeiðalaug og halda áfram að ganga glimrandi vel. Við höfum verið svo ótrúlega heppin með veður í sumar svo viðgerðir hafa náð að ganga smurt. Nú er búið að múra alla veggir að innan og koma þeir alveg gríðalega vel út. Múraramir okkar eru að vinna í því að klára að múra gólfíð allt upp á nýtt og reikna með að klára það í byrjun september.



Smiðirnir eru mættir og byrjaðir að smíða fyrir nýju heitu pottana. Þeir eru byrjaðir á að útbúa tröppur til að komast upp á áhorfendapallinn. Pottarnir verða síðan klæddir með timbri sem setur hlýtt útlit á fallegu laugina okkar. Það verður alveg gríðaleg breyting þegar það er tilbúið.

Einnig er búið að mála sundlaugina og heita pottinn í nýjum lit. Það var gert í samvinnu með arkitekt laugarinnar honum Jes Einari Þorsteinssyni. Liturinn kemur alveg ótrúlega vel út og er einstaklega fallegur við nýja múrinn.

Forhitari laugarinnar var tekinn úr og þrífinn vel, hann er aftur kominn á sinn stað núna og vonum við það besta að hann virki eins vel og hann gerði áður.

Opnunartími laugarinnar verður sá sami og fyrir lokun á meðan framkvæmdum stendur yfir. Eftir það er stefnan tekin á að hafa opið oftar og lengur.






Opnunartími Skeiðalaugar frá 14.sept 2023:

Mánudaga kl 16:00 – 21:00

Fimmtudaga kl 16:00 – 21:00

Laugardaga kl 10:00 – 15:00



Líkamsrækt Skeiðalaugar



Líkamsrækt Skeiðalaugar er staðsett í kjallara hússins. Inngangur er á bakvið, neðan við húsið. Hurðin er aðgangsstýrð. Aðgangskort fylgja með árskortum í Skeiðlaug. Hægt er að kaupa árskort og fá aðgangskort á opnunartíma sundlaugarinnar eða með því að hafa samband við umsýgnaraðila hússins.

Allur helsti búnaður til líkamsræktunar er í salnum. Hjól, róðravél, stangir og lóð, ketilbjöllur og handlóð, boltar, teygjur, sippubönd, nuddrúllur og ýmislegt fleira.

Opnunartími líkamsræktar:

Virka daga frá kl 6:00 – 21:00

Helgar frá kl 8:00 – 18:00

Verð:

Einstaklingskort: 35.000 kr

Parakort: 55.000 kr



Umsýgnaraðili: Viktoría Rós, sími: 772-2484.

Dæluvirkjun í Vörðufelli

Kæru íbúar,

Orkuveita Reykjavíkur boðar til íbúafundar þriðjudaginn 26. september nk. í félagsheimilinu í Brautarholti klukkan 20:00.

Orkuveitan er að skoða möguleika á nýtingu á vatnsafla með dæluvirkjun í Vörðufelli til þess að sveifla á móti þeim vindorkukostum sem fyrirtækið hefur til skoðunar. Okkur hjá OR langar að kynna þetta fyrir íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og vonumst til að sjá sem flest.

Dagskrá:

- 20:00 Opnun fundar og ávarp
Haraldur Þór Jónsson, sveitastjóri
- 20:15 Vindorka og dælustöð – kynning á verkefninu
Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra
Rannsókna og nýsköpunar hjá OR
- 20:45 Álit ráðgjafa - kynning frá sérfræðingum Eflu
- 21:00 Kaffihlé
- 21:15 Umræður og spurningar
- 21:30 Fundarslit





Starfsmaður/fulltrúi á skrifstofu sveitarfélagsins

Laus er staða í 100% starf starfsmanns/fulltrúa á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Færsla og útgáfa reikninga í lánadrottna- og viðskiptamannakerfi sveitarfélagsins í samræmi við bókhaldslög og gildandi fjárhagsáætlun.
- Launavinnsla.
- Afstemmingar.
- Almenn afgreiðsla, s.s. tilfallandi móttaka erinda á skrifstofu, símsvörun og upplýsingagjöf.
- Aðstoð við viðhald á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Önnur tilfallandi störf á skrifstofu sveitarfélagsins.

Hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking á bókhaldi skilyrði.
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði og frumkvæði.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Stundvísi og reglusemi.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Bent er á að umsækjendur verða að skila inn hreinu sakavottorði.

Umsjónarfrestur er til og með 14. sept 2023 og skal skila inn umsókn og viðeigandi gögnum á netfangið haraldur@skeidgnup.is

Öll eru hvött til að sækja um viðkomandi starf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar gefur Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri á netfanginu haraldur@skeidgnup.is eða í síma 779-3333.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má sjá á heimasíðu sveitarfélagsins www.skeidgnup.is



Starfsmaður þjónustumiðstöðvar/áhalдахúss

Laus er staða í 100% starf starfsmanns þjónustu-
miðstöðvar/áhalдахúss hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Starfsmaður þjónustumiðstöðvar annast þau verkefni sem áhalдахúsi eru falin og fer með eftirlit með ástandi eigna sveitarfélagsins.
- Undir áhalдахús falla m.a. umhirða og framkvæmd viðhaldsverkefna á fasteignum og lóðum sveitarfélagsins, gatnakerfis í byggðarkjörnunum í Árnesi og Brautarholti, vatnsveitumannvirkjum, Hitaveitu Brautarholts og Fjarskiptafélagi sveitarfélagsins.
- Umhirða og móttaka viðskiptavina á gámasvæði.
- Hálkuvarnir og snjómokstur við stofnanir sveitarfélagsins.
- Starfsmaður ber ábyrgð á að farið sé eftir viðeigandi reglum um öryggi á vinnustað. Hann sinnir öðrum þeim verkefnum sem yfirmaður felur honum enda samræmist þau verksviði hans.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Lönmenntun er kostur.
- Aukin ökuréttindi og hreint sakarvottorð
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Stundvísi, snyrtimennska og reglusemi.
- Samstarfshæfni, samstarfsvilji og lipurð í almennum samskiptum.
- Þekking á meðferð og umhirðu verkfæra og áhalдах.
- Þekking á reglum um öryggi á vinnustöðum.
- Almenn tölvuþekking.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Bent er á að umsækjendur verða að skila inn hreinu sakavottorði.

Umsjónarfrestur er til og með 14. sept 2023 og skal skila inn umsókn og viðeigandi gögnum á netfangið haraldur@skeidgnup.is

Öll eru hvött til að sækja um viðkomandi starf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar gefur Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri á netfanginu haraldur@skeidgnup.is eða í síma 779-3333.

Nú kynnum við til leiks nýjan dagskrárlið í Gauknum sem heitir Obbosí!

Hver kannast ekki við að lenda í aðstæðum sem oft eru óvæntar, jafnvel mjög óvæntar og þá eru oft fyrstu viðbrögð að segja, Obbosí :)

Við hvetjum sem flesta til að senda inn obbosí myndir á gaukurinn@skeidgnup.is

Obbosí !!



Sveitarstjórn 2022-2026. 25. fundur 02. ágúst 2023 kl. 09:00 - 12:30

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Karen Óskarsdóttir og Gunnar Örn Marteinnsson
Fundargerð ritaði: Sýlvía Karen Heimisdóttir
Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Óskaði oddviti eftir því að bæta einu máli á dagskrá vegna skipunar varamanns í stjórn Þjóðveldisbæjarins. Var það samþykkt og verður það 24. málsliður fundarins.
Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 25. sveitarstjórnarfund
Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að frá sveitarstjórnarfund 7. júní:

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands í Árnesi.

Fjallaböðin og gestastofa við Selhöfða.

Fundur með Umhverfisstofnun.

Fundur með Skipulagstofnun.

Formleg opnun brúar yfir Stóru Laxá.

Sumarfrí.

Verkefnin framundan í haust og vetur.

2. Starfsmannamál

Fjöldmörg verkefni eru framundan við uppbyggingu og fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Frá áramótum hefur verið 50% starfshlutfall í tímabundinni ráðningu á skrifstofu. Starfið hefur reynst vel og sá fjöldi verkefna sem er framundan kallar á að festa starfið í sessi til frambúðar.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að ráða í 100% starf til frambúðar á skrifstofu sveitarfélagsins.

Miklar framkvæmdir eru framundan í sveitarfélaginu og er nokkuð ljóst að efla þarf áhaldahús sveitarfélagsins með tilliti til verulegrar fjölgunar á verkefnum. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að bæta við nýju stöðugildi og ráða í 100% starf í áhaldahús. Báðir starfsmenn áhaldahúss munu heyra beint undir sveitarstjóra og aðstaða verður gerð á skrifstofu sveitarfélagsins til að starfið sé meira skipulagt frá skrifstofunni.

Þörf er á starfsfólki til að sinna aukavöktum á gámasvæði. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að

ráða starfsmann í aukavinnu til að manna opnun á gámasvæði.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur vel í aukin stöðugildi á skrifstofu sveitarfélagsins, í áhaldahúsi og að fá starfskraft í aukavinnu á gámasvæði. Sveitarstjóra falið að vinna drög að starfshýsingum og vinna málið áfram fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

3. Skólaakstur veturinn 2023/2024

Núverandi samningar um skólaakstur eru runnir út. Allir núverandi skólabílstjórar hafa lýst yfir vilja til að halda áfram í skólaakstri. Þar sem framundan er uppbygging á heildstæðum grunnskóla 1.-10. bekk í Þjórsárskóla sem mun breyta verulega umfangi skólaaksturs, óskar sveitarstjóri eftir því að framlengja núverandi samninga um 1 ár.

Gunnar Örn Marteinnsson vék af fundi við afgreiðslu málsins

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 4 atkvæðum að framlengja samninga um skólaakstur um eitt ár, fram til júní 2024.

Gunnar Örn Marteinnsson kom aftur inn á fund.

4. Kæra vegna framkvæmdaleyfis Hvammsvirkjunar

Náttúrugrið, Náttúruverndarsamtök Íslands og Verndarsjóður villtra laxastofna – NASF á Íslandi hafa kært ákvörðun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að veita framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar. Lagt fram til kynningar afrit af kærunni ásamt svari lögmanns sveitarfélagsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með 4 atkvæðum svar Landslaga til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Karen Óskarsdóttir greiðir atkvæði á móti.

5. Stjórnsýslukæra/beiðni um frumkvæðis-athugun vegna uppgjör rammasamkomulags

Sigrún Bjarnadóttir hefur lagt fram kæru til Innviðaráðuneytisins. Kæruatriðið varðar efni og nýlega framfylgd og uppgjör rammasamkomulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps (kærði) og Landsvirkjunar dags. 26. júní 2008.

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Sveitarstjóra í samráði við lögmann sveitarfélagsins falið að gera tillögu að svari við kærinni og leggja fram til samþykktar á næsta fundi sveitarstjórnar.

6. Tilkynning skipulagsstofnunar vegna Búrfellslundar

Tilkynning hefur borist frá Skipulagsstofnun vegna beiðni sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um frestun Búrfellslundar og þarf sveitarstjórn að vinna aðalskipulagsbreytingu sem skilgreinir takmörkunina gagnvart Búrfellslundi.

Sveitarstjóra falið að vinna aðalskipulagsbreytingu sem tilgreinir takmörkum gagnvart Búrfellslundi og koma breytingunni af stað í skipulagsferli.

7. Auðlindastefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er tólfta stærsta sveitarfélag landsins með miklar auðlindir, sérstaklega á sviði landbúnaðar, náttúru og orku. Sveitarstjóri leggur til að hafin verði vinna við að móta auðlindastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps til framtíðar með það að markmiði að auðlindir sveitarfélagsins verði íbúum sveitarfélagsins til hagsbóta.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að hefja vinnu við auðlindastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

8. Endurskoðun á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Gildandi aðalskipulag er fyrir árin 2017-2029. Sveitarfélagið er 12 stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli og framundan er mikil uppbygging tengt ferðapjónustu, orkuvinnslu og fleiri fjölbreyttum atvinnutækifærum. Síðustu áratugi hefur íbúafjöldi sveitarfélagsins verið nokkuð stöðugur en framundan er áætluð veruleg fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Í ljósi mikillar uppbyggingar næstu árin er nauðsynlegt að fara í heildar endurskoðun á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að hefja vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjóra falið að koma vinnunni af stað.

9. Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu

Í samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar vinna starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu. Öllum aðilum gefst tækifæri að senda inn umsagnir til að koma sjónarmiðum sínum að í vinnu starfshópsins sem á að skila tillögum að breytingum á skattaumhverfi orkuvinnslu fyrir 31. október 2023. Mesta raforkuframleiðsla á Íslandi hefur farið fram

í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og nauðsynlegt að koma skýrt á framfæri sjónarmiðum sveitarfélagsins um þær nauðsynlegu breytingar sem þarf að gera á lagaumgjörð orkuvinnslu á Íslandi.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna útarlega umsögn og koma á framfæri nauðsyn þess að lagaumgjörð orkuvinnslu verði breytt svo nærumhverfið njóti ávinnings af starfseminni.

10. Grænbók um skipulagsmál

Vakin er athygli á að grænbók um skipulagsmál er nú í kynningu í samráðsgátt stjórnvalda og opin fyrir umsagnir. Mikilvægt er að skipulagsmál séu á forræði sveitarfélaga og sveitarfélögin hafi ákvörðunarréttinn á því hvernig sitt nærumhverfi er skipulagt.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna umsögn og leggja áherslu á að skipulagsmál séu á forræði sveitarfélaga, en í dag hefur skipulagsvaldið verið tekið af sveitarfélögunum í ákveðnum tilfellum.

11. Beiðni um smölun á ágangsfé.

Beiðni barst frá ábúanda um smölun á ágangsfé á landi beiðanda. Sveitarfélagið hefur sent áskorun til viðkomandi búfjáreiganda um að smala fé sínu af landi beiðanda. Ívar Pálsson, lögmaður Skeiða- og Gnúpverjahrepps, kom inná fundinn og fór yfir lög er varða smölun á ágangsfé. Farið var yfir ákvæði laga um búfjárhald, laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., girðingalög og fjallskilasamþykktir sveitarfélagsins. Miklar umræður urðu um réttarstöðu sveitarfélagsins. Í 3 gr. fjallskilasamþykktar sveitarfélagsins er kveðið á um skyldu eiganda búfjár um að gæta þess að það gangi ekki öðrum til tjóns og hafa fé sitt í tryggu girðingum. Jafnframt er þar kveðið á um skyldu eiganda eða ábúanda jarðar sem verður fyrir ágangi fjár að umrætt svæði sé afgirt áður en hægt sé að snúa sér til sveitarstjórnar með umkvörtun. Fyrir liggur að réttaróvissa er um skyldu sveitarfélaga og hvaða reglur gildi m.t.t. álits Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11167/2021 og álit Innviðaráðuneytisins í máli IRN 22050047. Sveitarstjórn óskar því eftir að lögmaður sveitarfélagsins taki saman lögfræðialit um réttarstöðu sveitarfélagsins, samspil gildandi laga og fjallskilasamþykktar, skyldur sveitarfélagsins og verklag. Mikilvægt er áður en gripið verður til íþyngjandi aðgerða, með tilheyrandi afleiðingum og kostnaði, að réttarstaðan og verklag sé ljóst. Sveitarstjórn hyggst ekki smala ágangsfé á meðan réttarstaðan er ekki skýrari en raun ber vitni.

12. Lokun Þjórsárdalsvegar vegna fjárreksturs
Gunnar Örn Marteinsson leggur fram eftirfarandi

mál til umfjöllunar:

Á undanförunum árum hefur Þjórsárdalsvegur verið lokaður allri umferð vegna fjárrekstrar af Flóa- og Skeiðamannafrétti, þetta fyrirkomulag hefur valdið mikilli óánægju þess fólks sem býr á svæðinu og annarra sem leið eiga um og þurfa að komast leiðar sinnar. Það er einnig spurning hvort ekki sé kominn tími til að fara að hugsa þessi afréttamál uppá nýtt, það er framkvæmd smalamennsku og rétta, á það bæði við um Gnúpverjafrétt og Flóa og Skeiðamannafrétt, það er jú komið árið 2023.

Sveitarstjórn telur ekki æskilegt að umferð um Þjórsárdalsveg sé lokað vegna fjárrekstrar.

Sveitarstjórn vísar erindinu til Afréttamálanefndar Gnúpverja og Afréttamálafélags Flóa- og Skeiða til útfærslu um breytingar á þessum fjárrekstri til framtíðar.

13. Beiðni um að breyta fristundabyggð í íbúabyggð – Kílhraunsvegur 1-56 Landeigendur á Kílhraunsvegi 1-56 hafa óskað eftir því að breyta skipulagi hverfisins úr fristundarbyggð yfir í íbúabyggð. Rúm þrjú ár eru síðan Áshildarmýrarvegi var breytt úr fristundabyggð í íbúabyggð og urðu þá 28 lóðir með heimild til íbúðabygðar. Á Kílhraunsvegi sem liggur samhliða Áshildarmýrarvegi eru 38 lóðir, svo heildar fjöldi íbúðalóða á svæðinu yrðu því 66 eftir breytinguna.

Sveitarstjórn vísar málinu áfram til skipulagsfulltrúa.

14. Jafnréttisáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps – síðari umræða

Lögð fram til staðfestingar jafnréttisáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2023-2027.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með 5 atkvæðum jafnréttisáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2023-2027 og felur fjármálastjóra að senda hana áfram til viðeigandi aðila.

15. Umsagnarbeiðni - rekstrarleyfi

Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokk II fristundahús að Sandlæk I land 4. fnr. 220-2549. Umsækjandi: Iceland inn ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II- H Fristundahús.

16. Fundargerð 263. Fundar skipulagsnefndar Umhverfis og tæknisviðs Uppsveita

27. Skeiðháholt land L166517; Skeiðháholt land 2; Stofnun lóðar - 2306045 Lögð er fram umsókn frá Steinunni Gunnlaugsdóttur er varðar stofnun 122,8 fm lóðar úr landi Skeiðháholts lands L166517. Innan afmörkun lóðarinnar er 52 fm sumarbústaður

á byggingarstigi 1. Kvöð er á lóðinni Skeiðháholt land vegna aðkomu að nýju lóðinni.

Um er að ræða fristundalóð innan skilgreinds landbúnaðarlands samkvæmt aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps skulu fristundalóðir alla jafna ekki vera minni en 5.000 fm að stærð. Að mati sveitarstjórnar er ekki heimild samkvæmt aðalskipulagi að stofna svo litla fristundalóð innan annarrar fristundalóðar. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps synjar umsókn um stofnun lóðarinnar.

28. Brjánsstaðir lóð 1 L200523; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð lóðar - 2306097

Lögð er fram umsókn frá Birni Pálma Pálmasyni um stækkun og staðfestingu á hnitsetningu lóðar Brjánsstaða 1 L200523. Lóðin er skráð 720 fm í fasteignaskrár skv. þinglýstum skjölum en mælist nú 1.370 fm skv. hnitsettri afmörkun. Stækkunin kemur úr landi Brjánsstaða L166456.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun og stækkun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn. Sveitarstjórn Skeiðaog Gnúpverjahrepps samþykkir erindið.

29. Minni-Núpur 166583 L166583; Fyrirspurn - 2306102

Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar vegna Minni-Núps L166583. Fyrirspurnin tekur til uppbyggingaráforma að Minna-Núpi í formi fristunahúsa og smáhýsa.

Sveitarstjórn telur að fyrirhuguð uppbygging er tekur til lóðar undir fristundahús ágætlega að skilgreindri landnotkun innan jarðarinnar Minni-Núps. Sunnan vegar er skilgreint fristundasvæði sem tekur til 3 ha svæðis. Skilgreindar lóðir sunnan vegar eru um 1,5 ha og telur sveitarstjórn eðlilegt að fyrirhuguð lóð norðan vegar teljist með í heimilaðri landnotkun innan jarðarinnar að 3 ha í formi fristundasvæðis. Heimilt er samkvæmt aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem er föst búseta að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu og er þar einkum horft til starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu. Fyrirhuguð uppbygging smáhýsa gæti því fallið undir viðkomandi heimildir aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps en bendir sveitarstjórn þó á að ef meginstarfsemi jarðarinnar verður útleiga gistingar ætti að skilgreina verslunar- og

þjónustusvæði innan jarðarinnar sem tekur til starfseminnar. Að mati sveitarstjórnar er öll sú uppbygging sem tiltekin er innan fyrirsurnar háð gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins og mælist sveitarstjórn til að unnið verði deiliskipulag sem tekur til bæjarhladsins í heild auk aðliggjandi frístundalóðar.

30. Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Aðalskipulagsbreyting - 2301064

Lögð er fram skipulagstillaga sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í landi Brjánsstaða lóðar 4 L213014 (Hádegishóll) eftir kynningu. Með breytingunni verður sett inn 1 ha verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir fasta búsetu, gestahús fyrir allt að 50 gesti og þjónustuhús. Markmið með breytingunni er að efla atvinnustarfsemi og bæta þjónustu við íbúa og gesti. *Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Brjánsstaða lóð 4 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn mælist til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Samhliða verði auglýst deiliskipulagsáætlun sem tekur til svæðisins.*

31. Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Deiliskipulag - 2301017

Lögð er fram umsókn frá Dazza ehf er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Brjánsstaða lóð 4 (Hádegishóll) L213014 eftir kynningu. Í deiliskipulaginu felst heimild til að byggja þyrpingu litilla gistihúsa auk þjónustuhúsa og húsnæðis fyrir starfsfólk með fasta búsetu ef á þarf að halda. Nýtingarhlutfall lóðar geti orðið allt að 0.1. Samhliða er afgreidd breyting á aðalskipulagi sem tekur til svæðisins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan breytingartillögu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem er auglýst samhliða.

17. Fundargerð 65. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar

18. Fundargerð aukaáðalfundar Bergrisans 15.6.2023

Fundargerð lögð fram til kynningar

19. Fundargerð 597. fundar stjórnar SASS

Fundargerð lögð fram til kynningar

20. Fundargerð 11. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerð lögð fram til kynningar

21. Fundargerðir 929., 930. og 931. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðir lagðar fram til kynningar

22. Fundargerð 9. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu 22.6.2023

Fundargerð lögð fram til kynningar

23. Fundargerð 8. fundar Menningar- og æskulýðsnefndar

Fundargerð lögð fram til kynningar

24. Skipun varamanns í stjórn Þjóðveldisbæjarins Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að skipa Harald Þór Jónsson sem varamann í stjórn Þjóðveldisbæjarins. **Fundi slitið kl. 12:15. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 16. ágúst, kl. 9.00, í Árnesi.**

Sveitarstjórn 2022-2026. 26. fundur 16. ágúst 2023 kl. 09:00 - 12:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Vilborg Ástráðsdóttir, Karen Óskarsdóttir, Gunnar Örn Marteinson

Fundargerð ritaði: Hrönn Jónsdóttir

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 26. sveitarstjórnarfundi Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að frá sveitarstjórnarfundi 2. ágúst:

Fundur með Landnýtingu ehf

Heimsókn Ástu Lóu Þórsdóttur, alþingismanni, Flokki fólksins

Fjallaböðin

Framkvæmdir í Leikholti

Framkvæmdir í Skeiðalag

Framkvæmdir í Þjórsárskóla

Borað fyrir heitu vatni í Brautarholti

2. Fjárhagsáætlun 2023 – Viðauki III

Lagður fram viðauki III við fjárhagsáætlun 2023. Búið er að taka tillit til niðurstöðu ársins 2022 og er handbært fé bókað í samræmi við þá niðurstöðu. Við það hækkar handbært fé um 109 milljónir. Í viðauka III er gert ráð fyrir auknu starfshlutfalli (50%) á skrifstofu, auknu starfshlutfalli (100%) í áhaldahúsi og auki starfshlutfalli á gámasvæði. Að auki er gert ráð fyrir kostnaði v. aðstöðusköpunar við fjórar auka starfsstöðvar og tölvukaup. Heildar áhrif breytingarinnar er lækkan á handbæru fé um 6,4 milljónir kr. Rekstrarafgangur lækkar því sem

nemur og er gert ráð fyrir að hann sé um 66 milljónir kr. í árslok.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum viðauka III við fjárhagsáætlun 2023 og felur fjármálastjóra að tilkynna hann til viðkomandi aðila.

3. Starfsmannamál

Mikil uppbygging er framundan í sveitarfélaginu og fjölmörg verkefni. Byggja þarf undir sterkari stjórnsýslu og tryggja skilvirka verkferla í verkefnum sveitarfélagsins. Í byrjun árs var ráðið í tímabundna 50% stöðu á skrifstofu sveitarfélagsins. Sú viðbót hefur reynst vel en þörf er á að breyta starfinu í 100% starfshlutfall og ráða til framtíðar. Því til viðbótar er gert ráð fyrir nýju starfi í 100% starfshlutfalli í þjónustumiðstöð/áhaldaðúsi. Lögð fram drög að auglýsingu fyrir 100% stöðugildi á skrifstofu sveitarfélagsins og 100% stöðugildi í þjónustumiðstöð/áhaldaðúsi. Gert er ráð fyrir að nýir starfsmenn hefji störf í haust. Einnig lögð fram drög að starfslýsingu fyrir störfín.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að ráða í 100% starfshlutfall á skrifstofu sveitarfélagsins ásamt því að bæta við 100% stöðu í þjónustumiðstöð/áhaldaðúsi. Sveitarstjóra falið að auglýsa störfín og ganga frá ráðningum.

4. Áskorun til Ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar, Landsnets og Rarik.

Orkuvinnsla á Íslandi á sér stað að megninu til á landsbyggðinni. Sú stefna sem rekin hefur verið í uppbyggingu raforkukerfisins á Íslandi að hafa höfuðstöðvar stærstu orkufyrirtækja landsins allar á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að engin orkuvinnsla eigi sér stað þar gengur ekki lengur. Landsvirkjun er stærsti framleiðandi rafmagns á Íslandi og í eigu ríkisins. Landsnet er með sérleyfi um flutning á öllu rafmagni á Íslandi og er í eigu ríkisins. Rarik sér um dreifingu á rafmagni á landsbyggðinni og er í eigu ríkisins. Verðmætasköpun og starfsemi þessara fyrirtækja á sér stað á landsbyggðinni en stór hluti starfanna eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, þá sérstaklega verðmætustu störfín. Orkuskiptin eru framundan með tilheyrandi stækkun raforkukerfisins á Íslandi. Sú uppbygging mun fjölga störfum verulega og skapa jarðveg fyrir fjölmörg tækifæri og mikla nýsköpun tengt grænni orku.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega tekið fram að:

Til að styðja við byggðapróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.

Stutt verði við starfsaðstöðu og klasasamstarf hins opinbera og einkaaðila á landsbyggðinni.

Stutt verði við þekkingarmiðstöðvar og rannsóknarsetur á landsbyggðinni.

Lögð verði áhersla á að stuðla að uppbyggingu öflugra og sjálfbærna sveitarfélaga þar sem samfélagslegir og fjárhagslegir hvatar eru til sameiningar.

Mikilvægt er á þeim tímamótum sem við stöndum að horfa til framtíðar og marka stefnu um að störf í orkuvinnslu á Íslandi verði staðsett þar sem verðmætasköpunin á sér stað. Mörkum stefnu um að flytja höfuðstöðvar orkufyrirtækja í eigu ríkisins í nærumhverfi orkuframleiðslunnar og sköpum öfluga starfsaðstöðu og forsendur klasasamstarfs, þekkingarmiðstöðva og rannsóknarsetra víða um land, allt tengt grænni orku.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á ríkisstjórn Íslands að beina þeim tilmælum til stjórnar Landsvirkjunar, stjórnar Landsnets og stjórnar Rarik að hefja stefnumótun til framtíðar þar sem höfuðstöðvar fyrirtækjanna verði í nærumhverfi orkuvinnslunnar. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á stjórn Landsvirkjunar, stjórn Landsnets og stjórn Rarik að hafa frumkvæði að því að móta stefnu til framtíðar um að störf í orkuvinnslu verði byggð upp í nærumhverfi orkuvinnslunnar og höfuðstöðvar verði fluttar til suðurlands þar sem stærsti hluti raforkuframleiðslu Íslands á sér stað.

5. Kaldavatnsveitur og heitavatnsveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í sveitarfélaginu er fjölmargar hitaveitur og nokkrar kaldavatnsveitur. Nokkrir bæir hafa eigið vatnsból og hitaveitur. Eðli málsins samkvæmt getur verið erfitt að halda uppi öflugri veitukerfi í jafn mörgum litlum veitufyrirtækjum. Að mati sveitarstjóra felast mikil tækifæri í því að koma á fót einu öflugri veitufyrirtæki í öllu sveitarfélaginu sem myndi sjá um uppbyggingu og þjónustu á heitu og köldu vatni um allt sveitarfélagið. Þannig væri hægt að tryggja betra rekstraröryggi fyrir notendur, ásamt því að tryggja aðgengi sem flestra að öruggu heitu og köldu vatni.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að kanna vilja allra veitufélaga í sveitarfélaginu að

Því að sem flestar veitur verði sameinaðar í eitt félag sem sveitarfélagið sér um uppbyggingu og rekstur á. ***Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að fela sveitarstjóra að kanna möguleika á sameiningu veitufélaga í sveitarfélaginu og kynna niðurstöðuna fyrir sveitarstjórn.***

6. Viljayfirlýsing um uppbyggingu Landnýtingar ehf á matvælaframleiðslu í Árnesi

Lagt fram til samþykktar samkomulag milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skuldbindur Skeiða- og Gnúpverjahrepp til að útvega lóð og innviði til þess að uppbyggingaráform Landnýtingar ehf geti náð fram að ganga. Landnýting stefnir að uppbyggingu mikillar framleiðslu á grænmeti til útflutnings. Framleiðslan yrði fyrsti stórnotandi á rafmagni í grænmetisframleiðslu á Íslandi.

Á grundvelli samkomulagsins er stefnt að skuldbindandi samningi innan 12 mánaða.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum framlagt samkomulag við Landnýtingu ehf. Sveitarstjóra falið að undirrita samkomulagið.

7. Heimreiðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Sveitarstjóri leggur fram drög að reglum um kostnaðarþátttöku Skeiða- og Gnúpverjahrepps við lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarfélaginu.

Mikilvægt er að huga að bættum samgöngum í sveitarfélaginu. Ástand heimreiða er almennt ekki gott sökum lítils viðhalds Vegagerðarinnar á heimreiðum. Einungis er heflað 1-2 sinnum á ári og miðað við það fjármagn sem Vegagerðin hefur til að bera nýtt efni í malarvegi er gert ráð fyrir að bera í vegi á 35 ára fresti. Afleiðing slíkrar stefnu mun ávallt þýða mjög lélegt ástand vega.

Með því að samþykka reglugerð um kostnaðarþátttöku í lagningu bundins slitlags er gætt jafnræði og allir íbúar geta sótt um. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. september ár hvert vegna möguleika á að bundið slitlag verði lagt á á komandi ári. Þá er hægt að gera kostnaðaráætlun fyrir verkið og ganga frá drögum að samningum áður en fjárhagsáætlun næsta árs verður samþykkt í nóvember ár hvert.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum nýjar reglur um kostnaðarþátttöku Skeiða- og Gnúpverjahrepps við lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarfélaginu

8. Heilsugæsla í Uppsveitunum

Sú óvissa sem komin er upp í málefnum Heilsugæslunnar í Laugarási hefur skapað mikla óánægju hjá fjölda íbúa í sveitarfélaginu. Bakvöktum lækna hefur verið sagt upp frá og með 1. september 2023 án nokkurs samráðs við sveitarfélögin hefur sett heilbrigðisþjónusta allra íbúa í uppsveitunum í mikilvægt uppnám.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur skýrt fram:

Heilsugæslan verður styrkt enn frekar sem fyrsti viðkomustaður notenda og byggð upp þverfagleg teymisvinna þar sem unnið er að stöðugum umbótum. Heilsugæslan verður leiðandi þáttakandi í heilsueflingu og aðgerðaráætlun um lýðheilsu og forvarnir. Þjónusta verður aukin og heilsugæslustöðvum fjölgað til að minnka álagið á aðra viðkomustaði á borð við bráðamóttökuna.

Ljóst er að núverandi staði á málefnum heilsugæslunnar í Laugarási er í mikilli þversögn við stefnu ríkisstjórnarinnar og við slíkt verður ekki unað. Íbúafjöldi í Uppsveitunum er um þrjú þúsund og eru á svæðinu um það bil sex þúsund sumarhús. Það gerir það að verkum að um helgar má gera ráð fyrir á annan tug þúsunda íbúa á svæðinu ásamt því að fjölmennustu ferðamannastaðir landsins eru í uppsveitunum. Fjöldi íbúa, sumarhúsaeigenda og ferðamanna á svæðinu hleypur því á tugum þúsunda daglega. Samkvæmt gögnum frá lögreglu er viðbragstími sjúkrabíla langt frá því að vera ásættanlegur í Uppsveitunum. Á komandi árum mun verða veruleg íbúafjölgun á svæðinu ásamt því að allar spár til framtíðar gera ráð fyrir auknum straumi ferðamanna um svæðið. Mikilvægt er því að efla starfsemi heilsugæslunnar til framtíðar í samræmi þá fjölgun sem verður á næstu árum og samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Tímabært er að farið verði í greiningu á uppbyggingu heilsugæslunnar til framtíðar í Uppsveitunum, með það að markmiði að þjónustan verði bætt. Komið verði á fót læknavakt á starfsstöð heilsugæslunnar í Uppsveitunum sem hægt sé að koma í samdægurs ásamt því að tryggð verði viðvera lækna og sjúkrabíla sem sjá um fyrsta viðbragð í Uppsveitunum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á HSU og heilbrigðisráðherra að bregðast við þeirri óvissu sem hefur skapast síðustu vikur og mánuði um heilsugæsluna í Uppsveitunum. Nauðsynlegt sé að vinna í samstarfi við sveitarfélögin og íbúa að

farsælli uppbygginu heilsugæslu í Uppsveitunum til framtíðar.

9. Áskorun frá Kvenfélögum í Uppsveitum Árnessýslu

Lögð fram áskorun frá kvenfélögunum í Uppsveitum Árnessýslu, en þar koma fram miklar áhyggjur kvenfélaganna af stöðu heilsugæslumála á svæðinu. **Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur undir áhyggjur kvenfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu og hvetur yfirstjórn HSU og alla annarra hagaðila sem fram koma í áskorun kvenfélaganna að vinna að farsælli uppbyggingu heilsugæslu í Uppsveitunum.**

10. Umsögn til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu

Lögð fram umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu sem stofnaður var að fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum framlagða umsögn til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu og felur sveitarstjóra að skila umsögninni í samráðsgátt stjórnvalda.

11. Umsögn um grænbók um skipulagsmál

Í samráðsgátt stjórnvalda er grænbók um skipulagsmál. Umsögn er í vinnslu og verður send á sveitarstjórnarfulltrúa til samþykktar fyrir skilafrest sem er 26. ágúst.

12. Erindi frá ADHD samtökunum

Lögð fram beiðni frá ADHD samtökunum um samtarf við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um aukna

fræðslu og þjónustu í sveitarfélaginu um ADHD og fyrir fólk með ADHD. Einnig óskað eftir 250.000 kr. í styrk.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vísar málinu til skólanefndar til umfjöllunar og athugunar hvort þörf sé á aukinni fræðslu tengt ADHD í skólum sveitarfélagsins.

13. Umsagnarbeiðni - rekstrarleyfi

Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokk II G, Íbúðir að vorsabæ 1A, Country cottage. Umsækjandi Hrafnhildur H. Guðmundsdóttir **Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II- G Íbúðir.**

14. Samþykkt umsókn um nýjan héraðsveg

Lögð fram til kynningar samþykkt Vegagerðarinnar um nýjan héraðsveg að bænum Móholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

15. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf.

Lagt fram til kynningar aðalfundarboð Vottunarstofunnar Túns ehf.

16. Aðalfundarboð Hitaveitufélags Gnúpverja

Aðalfundur Hitaveitufélags Gnúpverja verður haldinn mánudaginn 21. ágúst.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur sveitarstjóra að mæta á fundinn fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

17. Fundargerðir Afréttarmálanefndar

Fundargerðir Afréttarmálanefndar nr. 5, 6 og 7 lagðar fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12:10. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 6. september, kl. 9.00, í Árnesi.

		4	8	6			3
		1					9
8					9		6
5			2		6		1
	2	7			1		
				4	3		6
	5						
		9				4	
			4			1	5

9		4				5	
		7	8				
6			5				7
	3		1		4		6
1		6		8			
	4		3		9	2	8
			7	3			5
	6					7	
		8	4	5		6	2



STARF

Skelltu þér í rekstur og viðhald með okkur!

Við leitum að liðsauka í öflugt teymi starfsfólks okkar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, þar sem við rekum sjö vatnsaflsstöðvar og tvær vindmyllur.

Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Starfið er fjölbreytt og krefjandi, en verkefni fela meðal annars í sér ástandsmælingar og greiningar á raf- og vélbúnaði.

Hæfni og þekking:

- Rafmagns- og/eða vélfræðimenntun
- þekking á viðhaldi búnaðar; raf-, véla- og vökvakerfa
- Reynsla af raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfi
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 12. september

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar

landsvirkjun.is/laus-storf

Fyrirspurnir um starfið má senda á

mannaudur@landsvirkjun.is